

## AUGLÝSING

### um gjaldskyldu á bílastæðum við Háskólann í Reykjavík.

Borgarráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 21. júní 2012 og auglýsir þá ákvörðun hér með, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987:

Almenn bílastæði á svæði við Háskólann í Reykjavík sem er næst aðalinngangi skólans verði gjaldskyld.

Settir verði upp miðamælar á svæðinu sem skilgreinist sem gjaldsvæði 4 með tímagjaldinu 120 krónur. Gjaldskylda verður mánudaga – föstudaga klukkan 8-16.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

*Borgarstjórnin í Reykjavík, 25. júní 2012.*

**Jón Gnarr.**

---

B-deild – Útgáfud.: 14. ágúst 2012